

Fiskeldisfréttir

Norræn bleikjueldisráðstefna

Dagana 13-14 október verður haldin norræn bleikjueldisráðstefna í Reykjavík. Það er Landsamband fiskeldisstöðva ásamt norrænum samstarfsaðilum sem heldur ráðstefnuna. Dagskrá verður að finna á næstu dögum á vef ráðstefunnar.

Slóð: www.bioforsk.no/ikbViewer/page/fagomrader/fagomrade/omrade/tema/artikkel?p_document_id=48803&p_dimension_id=18189

Vöktun á eiturbörungum

Í vor gaf Hafrannsóknastofnunin út skýrsluna „Þættir úr vistfræði sjávar 2008“. Þar var meðan annars að finna yfirlit yfir árleg vöktun eiturbörunga í tengslum við týnslu, veiðar og ræktun skelfisks sem hófst í apríl 2008. Eins og undanfarin ár var vöktun á tveimur stöðum í Breiðafirði, í Eyjafirði og í Hvalfirði þ.e.a.s. Svifbörungasýni voru tekin á 7-10 daga fresti til greininga og talninga á eiturbörungum. Einnig var sýnum safnað í Þistilfirði frá 21. júlí. Fylgst var með fjölda eitradra svifbörunga fram á haust eða þar til gróðurtímabilinu lauk. Helstu niðurstöður voru að í Hvalfirði var varað við neyslu skelfisks vegna hættu á DSP-eitrun í 6 skipti og við hættu á ASP-eitrun í 4 skipti. Í Breiðafirði var aðeins einu sinni varað við hættu á eitrun í skelfiski. Í Eyjafirði var varað við neyslu

UPPLÝSINGAVEFUR UM VÖKTUN EITURBÖRUNGA

- Hvalfirður
- Breiðafirður
- Eyjafirður
- Mjólfirður eystra
- Þörungaeitrunir
- Vöktunarmörk
- Eiturbörungagæundir
- Ítarefni
- Árskýrslur
- Hafu Samband

Sumir svifbörunga sýni geta myndað eitrefni sem geta valdið skelfiskelitrun þar sem menn og dýr veikjast eftir neyslu á eitruðum skelfiski einnig geta svifbörunga valdið fiskadaða, sérstaklega í eldi. Í kjölfar vaxandi umsvita í fisk- og skeldyræði hafa á undanförnum árum verið gerðar slaklínar skófur um eftirri með vaxandi þörunga og eitrun af þeirra völdum. A það við hér á landi sem og annars staðar. Í framhaldi af því hefur Matvælastofnun í samvinnu við Hafrannsóknastofnunina, skelfiskvæðing og kræklingaræktendur ákveðið að fara af stað með vöktun á eitruðum svifbörungum á nokkrum staðum við landið. Til að byrja með verða svæði í Hvalfirði, Breiðafirði, Eyjafirði, og Mjólfirði eystra vöktu og fylgst verður með fjölda eitradra svifbörunga vikulega frá vori og fram á haust.

Hafnarráðgjafastofnunin - www.hafro.is - hafro@hafro.is - 5752000

Upplýsingarveita um vöktun á eiturbörungum þar sem hægt er að sækja upplýsingar um niðurstöður vöktunar fyrir árið 2009 (www.hafro.is/voktun/index.htm)



Vefsíða norræns bleikjueldisverkefnis (www.northcharr.eu).

skelfisks, 3 sinnum á tímabilinu.

Slóð: www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolrit-145.pdf

Norrænt bleikjueldisverkefni

Nýlega hófst norræna bleikjueldisverkefnið „Northcharr. Þátttakendur í verkefninu eru frá Svíþjóð, Noregi og Íslandi. Fulltrúi fyrir Ísland er Hólaskóli. Í verkefninu á meðal annars að greina framleiðslugetu, flöskuhálsa fyrir mismunandi svæði og eldisaðferðir. Jafnframt á að vinna að því að finna lausnir á þeim viðfangsefnum sem skilgreind verða.

Slóð: www.northcharr.eu

Styrkir hjá AVS sjóðnum árið 2009

Fjöldi umsókna til AVS sjóðsins hafa aldrei verið fleiri en í ár. Alls bárust rúmlega 160 umsóknir þar sem sótt var um riflega 800 m.kr. Nú liggur fyrir að 76 verkefni fá styrk á þessu ári og þar af tæplega 30 verkefni sem tengjast fiskeldi. Samtals eru þessi verkefni að fá tæplega 325 m.kr. og þarf af fiskeldisverkefni upp á rúmar 120 m.kr. Í frétt þann 14 maí frá AVS sjóðnum kemur m.a. fram: „Af fiskeldisverkefnum er mest áberandi verkefni er tekur á kynbótum á þorski, en miklar vonir eru bundnar við þorskeldi í framtíðinni, þetta verkefni hefur verið stutt af sjóðnum í nokkur ár. Meðal nýrra verkefna er átaksverkefni í kræklingarækt þar sem nokkrir kræklingaræktendur og félag þeirra hafa sameinast um að efla þá atvinnugrein og byggja

upp þekkingu sem nýtist öllum í greininni. Meðal markaðsverkefna eru mest áberandi nokkur átaksverkefni í markaðssetningu á bleikjuafurðum, AVS sjóðurinn hóf stuðning við verkefni á árinu 2007 þar sem í væntum var mikil aukning í framleiðslu á bleikju“.

Slóð: www.avs.is/frettir/nr/1861

Fiskeldistengd verkefni styrkt af AVS sjóðnum árið 2009

Rannsóknaverkefni sem AVS sjóðurinn styrkti:

1. Vöktun hringormafjölda í þorski í áframeldi
2. Kynbætur á þorski og seiðaeldi
3. Skilgreining á kjöreldisaðstæðum á seiðastigi og í matfiskeldi á bleikju
4. Markaðsátak fyrir bleikjuafurðir á erlendum mörkuðum 2007 - 2009
5. Bein markaðssókn á bleikju 2007 - 2009
6. ICE-CHAR Project
7. Íslensk bleikja á Bandaríkjamarkað, markaðsátak 2007-2009
8. Brennihvelja á Íslandsmiðum
9. Nýrnaveiki í laxfiskum: greining sýkingar og framvinda sjúkdóms
10. Myndun lagnaðaríss í fjörðum á Íslandi
11. Induction of triploidy by pressure shock on Atlantic cod
12. Íslensk bleikja á Evrópumarkað, markaðsátak 2008-2010
13. Áhrif þorskeldis á villta stofna: samkeppni um svæði og fæðu
14. SALCOD: Áhrif seltu á vaxtarhraða, fódurnýtingu og líffræði þorsks
15. Kjöreldisferlar í lirlueldi á þorski
16. Vaxtargeta eldisþorsks
17. Bestun á útsetningarstærð og útsetningartíma þorskseiða í kvíar
18. Bætt frjóvgun lúðuhrogna
19. Áhrif fódrunartíðni og þéttleika á ung þorskseiði
20. Próun á fódurbóluefni fyrir fisk
21. Hönnun eldiskvía fyrir Íslenskar aðstæður
22. Stytting ræktunartíma kræklinga

Smáverkefni styrkt af AVS sjóðnum:

1. Samnorræn ráðstefna á Íslandi um eldi ferskvatnsfiska 2009
2. Afföll á þorski í sjókvím



Aðalfundur Landsambands fiskeldisstöðva haldinn á fódurlager Silfurstjörnunnar þann 29 maí.



Rifós í Kelduhverfi, en þar hefur verið lengst stundað kvíaeldi á Íslandi eða í um 30 ár.

3. Mat á erfðastuðlum þyngdar og kynþroska bleikju og erfðafrámförum í þessum eiginleikum
4. Transfer and evolution of the Canadian environmental monitoring program for Icelandic mussel culture
5. Vinnufundur fyrir kræklingaræktendur
6. Stefnumótun fyrir fiskeldi 2010-2013
7. Staða fiskeldis á Íslandi

Slóð: www.avs.is/Verkefni/

Aðalfundur Landsambands fiskeldisstöðva

Aðalfundur Landsambands fiskeldisstöðva var haldinn á fódurlager Silfurstjörnunnar í Öxarfirði, föstudaginn 29 maí. Kjör stjórnar á aðalfundinum er sem hér segir: Jón Kjartan Jónsson, formaður. Meðstjórnendur eru Arnar Freyr Jónsson, Jóhann Geirsson, Jónas Jónsson og Benedikt Kristjánsson. Í varastjórn voru kosnir Hlífur Karlsson, Hallgrímur Kjartansson og Kristján G. Jóakimsson. Fundinn sóttu 28 manns. Jafnframt var aðstaða hjá Silfurstjörninni, Rifós og Fiskeldinu Haukamýragili skoðuð.

Slóð: www.lfh.is/



Silfurstjarnan í Öxarfirði, perlan í íslensku fiskeldi.